

3H Travel ehf.  
Markarflöt 5  
210 Garðabær

27. maí 2019  
UST201902-042/09.07.01  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Bláfjallafólkvangur við Þríhnúka**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn 3H Travel ehf. dags 5. febrúar 2019 með viðbótargögnum dags. 14. mars 2019, um leyfi til framkvæmda við Þríhnúka innan Bláfjallafólkvangs.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Til stendur að fara í lagfæringar á göngusneiðingi upp Þríhnúkagíg. Nokkuð hefur verið um óhöpp í sneiðingnum og göngufólk óöruggt þrátt fyrir stuðningskaðal. Á þetta sérstaklega við í bleytu, ísingu og snjó þegar járnþoturnar sem fyrir eru geta orðið hálar. Til stendur að setja þrep í sneiðinginn sem gerð eru úr Weland grindum. Þrepin eru um 1 metra breið og leyfa tvöfalda umferð um stigann. Á kjálka þrepanna verða soðin rör sem festing fyrir stoðir handlista/kaðals. Lengd kaflans sem ráðgert er að setja þrepin í er um 45 metrar og hæðarmunurinn 12 metrar. Teikningar að stiga fylgdu með umsókn. Þetta eru stálþrep sem verða fyllt upp með gjalli sem tekið verður úr stígstæðinu þegar þrepunum er komið fyrir. Hvert þrep er stök vinkillaga eining sem skorðast í gjall/hraun og festist með teinum. Þrepin verða síðan fest saman til að mynda samfellu og koma í veg fyrir skrið. Öll vinna við jöfnun undir þepi, niðursetning og frágangur verður unnin með höndum. Ráðgert er að fara í framkvæmdina sumarið 2019. Verktími er áætlaður 2 dagar að því gefnu að starfsemi sé ekki í gínum. Eftir að starfsemi hefst í gínum er eingöngu hægt að vinna verkið á kvöldin og nóttunni og lengist þá verktíminn sem því nemur. Efniður í stigann verður fluttur á svæðið með þyrlu.

#### **Umsagnir:**

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 2. maí 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 15. maí 2019. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnuninn gerir ekki athugasemd við að heimilað verði að setja upp umræddan járnstiga en vísað er í samskonar járnstiga í Saxhól í þjóðgarðinum Snaefellsjökli. Stofnunin telur að það geti verið til bóta miðað við þá umferð sem er um svæðið. Afstaða Náttúrufræðistofnunar byggir m.a. á þeim forsendum sem koma fram í umsókninni, þ.e. að verkið verði ekki unnið með tækjum og þannig komið í veg fyrir allt óþarfa rask.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að halda sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar og mannvirkisins í lágmarki til að vernda landslag. Mikilvægt er því að vandað verði til við frágang svo mannvirkið falli sem best að landinu og raski haldið í algeru lágmarki.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir 3H Travel ehf. fyrir sitt leyfi fyrir uppsetningu stigans við Príhnúka sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að raska mosa sem er á svæðinu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Þess skal gætt að mannvirkið falli sem best að landinu við uppsetningu stigans, efnisvali og frágangi.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrið séð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi þetta felur ekki í sér heimild til efnistöku innan fólkvangsins.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


*Eftirlit:*

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri



René Biasone  
sérfræðingur